

Ársskýrsla og staðtölur

2015



Sjúkratryggingar
Íslands



Efnisyfirlit

Inngangur forstjóra	2
Hlutverk, framtíðarsýn og gildi	4
Rekstrarumhverfi og rekstur	5
Mannauður	7
Skipurit og skipulag	9
Lykiltölur	12
Yfirlit yfir samninga í gildi í árslok 2015	14
Sjúkratryggingar	
Tafla 1.1 Útgjöld sjúkratrygginga í samanburði við útgjöld hins opinbera 2006-2015, milljónir kr.	19
Tafla 1.2 Útgjaldaflokkar sjúkratrygginga 2011-2015, í milljónum kr.	20
Lyf	
Tafla 1.3 Lyfjaútgjöld eftir lyfjaflokkum 2013-2015, millj. kr	22
Tafla 1.4 Lyfjaútgjöld SÍ, 25 kostnaðarmestu lyfjaflokkarnir 2014-2015, millj. kr.	23
Tafla 1.5 Lyfjaútgjöld og greiðslupátttaka SÍ eftir kyni og aldri 2014-2015	24
Tafla 1.6 Lyfjaútgjöld SÍ í fjórum kostnaðarmestu lyfjaflokkunum eftir aldri og kyni, kr.	25
Lækniskostnaður	
Tafla 1.7 Útgjöld vegna sérgreinalækninga, fjöldi sérgreinalækna, komur og skipting á kostnaði 2015	27
Tannlækningar	
Tafla 1.8 Fjöldi sjúklinga og útgjöld sjúkratrygginga vegna almennra tannlækninga 2005-2015	42
Tafla 1.9 Fjöldi barna og viðgerða hjá tannlæknum með kostnaðarpátttöku SÍ 2006-2015	44
Hjálpartæki	
Tafla 1.10 Hjálpartæki og næring, útgjöld flokkuð niður á útgjaldaflokkum 2007-2015, milljónir króna	45
Tafla 1.11 Dæmi um úthlutun nokkurra hjálpartækja og útgjöld vegna þeirra 2007-2015	48
Þjálfun	
Tafla 1.12 Fjöldi sjúklinga og komur til sjúkráþjálfara ásamt útgjöldum sjúkratrygginga 2013-2015	49
Tafla 1.13 Fjöldi sjúklinga í talþjálfun og fjöldi koma/skipta 2012-2015	51
Tafla 1.14 Fjöldi sjúklinga í iðjubjálfun og fjöldi koma/skipta 2009-2015	52
Annað	
Tafla 1.15 Fjöldi sjúkrafluga 2013-2015	53
Slysatryggingar	
Tafla 2.1 Helstu útgjaldaflokkar eftir greiðsluflokkum 2009-2015, þús. kr.	56
Tafla 2.2 Helstu útgjaldaflokkar eftir tryggingaflokkum 2009-2015, þús. kr.	57
Tafla 2.3 Fjöldi þeirra sem metnir hafa verið 10-49% öryrkjar í kjölfar slyss 2009-2015	57
Tafla 2.4 Greiðslur flokkaðar eftir tegund greiðslu 2010-2015, kr.	59
Tafla 2.5 Tilkynt slys, flokkuð niður á tegund tryggingar 2010-2015	59
Sjúklingatrygging	
Tafla 3.1 Sjúklingatrygging, fjöldi mála 2010-2015	61
Ársreikningar 2015	
Sjúkratryggingar Íslands	63
Sjúkratryggingar	77
Slysatryggingar	91
Sjúklingatrygging	102



Steingrímur Ari Arason,
forstjóri Sjúkratrygginga Íslands

Inngangur forstjóra

Á heildina litið þróuðust málefni SÍ í rétta átt á árinu og endurspegladist það meðal annars í niðurstöðum SFR-könnunar og athugunar á vegum Gallup, en einnig í árangri SÍ samkvæmt svokölluðu CAF-sjálfsmati. Þetta mátti þakka öfluglu innra starfi og jákvæðu viðhorfi starfsmanna til nýrra og krefjandi verkefna. Í niðurstöðunum fólst hvatning og vísbending um að SÍ gætu á næstu árum náð settu marki og talist framsækin fyrirmyndarstofnun.

Varanleg skref í átt að fullum aðskilnaði SÍ og TR voru tekin. Ákveðið var að fullgilda sjúkratryggingalögin frá 2008 og fresta ekki frekar því verkefni að semja um þjónustu í rýmum fyrir aldrada. Í framhaldinu hófst undirbúningur að gerð samninga við hjúkrunarheimili, en einnig þjónustu LSH, sbr. svokallaða DRG-greiningu, og um heilsugæsluþjónustu á höfuðborgarsvæðinu grundvallada á nýju fjármögnunarlíkani.

Á árinu 2015 var ekki lengur tilefni til sérstakrar tekjufærslu í ársreikningi SÍ eins og undanfarin ár vegna þjónustu TR. Þannig var staðfest að uppskipting stofnananna væri komin það langt á veg að einungis væru eftir kaup af TR sem lúta að rekstri tölvukerfa. Undanfari þessa var að velferðarráðuneytið fékk óháðan ráðgjafa til að leggja mat á markaðsverð þjónustunnar.

Allt frá stofnun SÍ hafði rekstri upplýsingakerfa að meginhluta til verið sinnt af TR. Á árinu var á hinn bóginn ákveðið að aðskilja upplýsingatæknirekstur stofnananna og lagður grunnur að samvinnu um framgang verkefnisins. Fyrsta skrefið var yfirtaka SÍ á rekstri netkerfis, nettenginga út úr húsi og sérkerfa, s.s.

póstkerfis, símkerfis og OneSystems, auk yfirtöku á notendapjónustu. Vinnslukerfi SÍ og TR (skjalakerfi/reikningakerfi og tengd kerfi) voru áfram rekin sameiginlega af upplýsingatæknisviði TR. Eins og áður var lögð rík áhersla á hagnýtingu upplýsingatækninnar með hagræðingu og bættu þjónustu að leiðarljósi. Í tengslum við yfirtöku á upplýsingatæknirekstri frá TR var t.d. skilvirkni og samlegð tryggð með samningi við Nýherja um almenna notendapjónustu fyrir starfsmenn, svo og um Rent a Prent prentþjónustu og rekstur símtöðvar stofnunarinnar. Sem dæmi um verkefni sem leiddi bæði til hagræðingar í rekstri og betri þjónustu á árinu má nefna gagnvirka umsókn um Evrópska sjúkratryggingakortið (ES-kortið) í réttindagátt SÍ. Í beinu framhaldi af umsókn gátu sjúkratryggðir þannig fengið upplýsingar um afgreiðslu hennar. Lykilatriði í bættri þjónustu var að þeir sem sækja of seint um kort eða glata því var boðið að fá bráðabirgðakort til útprentunar í réttindagáttinni. Samtals eru gefin út 50-55 þúsund ES-kort á ári og með þessum breytingum er áætlað að tekist hafi að fækka komum og afgreiðslu korta í þjónustumiðstöð SÍ að Vínlandsleið um 440 að jafnaði á mánuði eða um 5.300 á ársgrundvelli.

Hinn 1. janúar 2015 tóku lög um sjúkratryggingar nr. 112/2008 að fullu gildi og var gert ráð fyrir að SÍ sendu um þjónustu í hjúkrunarrýmum við sveitarfélög og aðra sem reka hjúkrunarheimili. Þetta voru merk tímamót, en samtals hafði Alþingi frestað gildistöku þessu sinni með sérstakri lagasetningu. Fyrirséð var að í upphafi þyrfti að

ákvarða greiðsluþátttöku sjúkratrygginganna með sérstakri endurgreiðslugjaldskrá og án samninga við veitendur þjónustunnar. Með útgáfu hennar var daggjald fyrir hjúkrunarþjónustu ákveðið og skyldi það koma til viðbótar daggjaldi samkvæmt reglugerð sem ráðherra setti um dvalarkostnað heimilismanna hjúkrunarheimila. Dvalardaggjaldið var hið sama fyrir alla og skyldi eins og áður ákvarða hámark tekjutengdrar hlutdeildar heimilismanna í kostnaði við þjónustuna.

Samkvæmt gjaldskrá SÍ náði greiðsluþátttaka sjúkratrygginga til allt að 2.112 hjúkrunarrýma hjá 44 öldrunarstofnunum. Meðaldaggjald var kr. 13.491, sem aftur þýddi að með 100% nýtingu rýmanna myndi heildarkostnaður vegna hjúkrunarþjónustu öldrunarstofnana verða 10.400 m.kr. á árinu 2015.

Ákveðið var að fresta yfurfærslu umsýslu með framkvæmdinni, þ.e. mótöku reikninga og útborgun greiðslna, til ársloka 2015. TR annaðist því áfram umsýsluna og SÍ gátu nýtt árið til að undirbúa yfurfærsluna og til þjálfunar starfsmanna.

Frá upphafi var stefnt að gerð ramma-samnings um þjónustuna og héldu fulltrúar SÍ og hjúkrunarheimilanna fjölmarga undirbúningsfundir með það að markmiði að slíkur samningur gæti tekið gildi sem fyrst. Af hálfu öldrunarstofnana tóku þátt í viðræðunum fulltrúar Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Drög að rammamningi lágu fyrir í byrjun desember en lengra komust menn ekki á árinu. Margt kom til og má þar helst nefna að fyrirhugaðar lagabreytingar sem tengdust samningsgerðinni náðu ekki fram að ganga fyrr en í lok desember. Mestu skipti þó að ekki hafði unnist tími til að tryggja nauðsynlegar viðbótarfjárveitingar til málaflöksins fyrir afgreiðslu fjárlaga 2016. Vinna við kostnaðargreiningu og umönnunarþyngd heimilismanna (sbr. RAI-matið) hafði tekið lengri tíma en menn ætluðu. Velferðarráðuneytið hafði heldur ekki náð að ljúka endurskoðun á kröfulýsingu fyrir rekstur heimilanna

” Samtals eru gefin út 50-55 þúsund ES-kort á ári og með þessum breytingum er áætlað að tekist hafi að fækka komum og afgreiðslu korta í þjónustumiðstöð SÍ að Vínlandsleið um 440 að jafnaði á mánuði eða um 5.300 á ársgrundvelli.

og enn átti eftir að ganga frá uppgjöri á lífeyrisskuldbindingum hjúkrunarheimila utan SFV. Að lokum má nefna húsnæðis- og kostnaðinn. Þó að menn væru reiðubúnir að fresta gerð samnings um hann voru skiptar skoðanir um í hvaða farveg ætti að setja málið.

Með breytingum 19. desember 2015 á lögum um sjúkratryggingar, lögum um almannatryggingar og lögum um málefni aldraðra var tekið tillit til forsetaúrskurðar nr. 72/2013 þar sem heilbrigðisráðherra var falið að fara með málefni dvalarheimila og dagdvalar, til viðbótar ábyrgð á málefnum hjúkrunarheimila. Með breytingunum var heimild ráðherra til að ákveða daggjöld í dvalarrýmum felld brott og SÍ þess í stað ætlað að semja bæði um dagdvöl og dvalarrými, auk hjúkrunarrýma. Með nýjum lagaákvæðum var jafnframt kveðið skýrt á um verkaskiptingu SÍ og TR og móttaka reikninga og greiðslur færðar formlega frá TR til SÍ 1. janúar 2016. Ráðherra skyldi ákveða með reglugerð hámark greiðsluþátttöku heimilismanna í dvalarkostnaði, óháð því hvort stofnun er á föstum fjárlögum eða ekki, og TR áfram annast útreikning á kostnaðarhlutdeild heimilismanna með tilliti til tekna. Umsýslu S-lyfja var gjörbreytt á árinu með sérstöku samkomulagi SÍ við apótek og lyfjaheildsala. Samkomulagið tók til S-lyfja sem einnig eru leyfisskyld skv. ákvörðun lyfjagreiðslunefndar og hafði í för með sér að eftir 31. mars 2015 gátu apótekin annast afgreiðslu þessara lyfja með sambærilegum hætti og afgreiðslu annarra lyfseðilsskyldra lyfja. Apótek LSH gerðist síðan aðili að samkomulaginu í kjölfar fyrirsmála heilbrigðisráðherra um fyrirkomulag S-merktra og leyfisskyldra lyfja, en þau tóku gildi 16. apríl 2015.

Greiðsluþátttaka SÍ vegna S-lyfja var 6,6 ma.kr. árið 2015 og má ætla að á ársgrundvelli hafi breytingin tekið til lyfja að verðmæti 3,2 ma.kr. Samkvæmt henni skyldi afgreiðsla lyfjanna vera háð útgefnu lyfjaskírteini og öll skráning og afhending (sala) fara í gegnum uppgjörskerfi apótekanna. Áætlað var að 50% lyfjanna (m.t.t. verðmætis) kæmu með þessum hætti til afgreiðslu í apóteki LSH og 50% í öðrum apótekum landsins. Nýja fyrirkomulagið hafði ekki áhrif á greiðsluþátttöku sjúkratrygginganna, eins og upphaflega stóð til, sbr. breytingu á lögum nr. 112/2008 frá 16. desember 2014 vegna frumvarps til fjárlaga 2015. Umrædd lyf voru því áfram sjúkratryggðum að kostnaðarlausu. Samkomulagið tryggði á hinn bóginn skilvirka dreifingu lyfjanna og skráningu á notkun þeirra í lyfjagagnagrunn landlæknisembættisins. Utan samkomulagsins voru fyrst og fremst S-lyf sem eingöngu áttu að vera til notkunar á sjúkrastofnunum (og lyf sem ætlunin

var að yfirfæra til apóteka eftir frekari undirbúningi).

Mikilvæg forsenda var að SÍ höfðu hafið útgáfu á rafrænum lyfjaskírteinum, en þannig mátti tryggja aðkomu lyfjanefndar LSH að ákvörðunum um notkun lyfjanna og miðla nauðsynlegum upplýsingum til apóteka í gegnum upplýsingakerfi SÍ. Önnur forsenda var samkomulag SÍ við lyfjaheildsala, en það tryggði að sjúkratryggingarnar nutu áfram umsaminnna innkaupaafsláttu. Síðast en ekki síst skipti sköpum að lyfjagreiðslunefnd var reiðubúin að endurskoða reglur um smásöluálagningu S-lyfja. Nefndin lauk þeirri vinnu í desember með gildistöku nýrra álagningareglna 1. janúar 2016. Hinn 27. maí 2015 samþykkti Alþingi samhljóða þingsályktun um réttindi sjúklinga til heilbrigðisþjónustu yfir landamæri (svokallaða landamæratilskipun nr. 2011/24/ESB). Innleiðing tilskipunarinnar kallaði á breytingar á lögum nr. 112/2008 um sjúkratryggingar, en þær náðu á hinn bóginn ekki fram að ganga á árinu. Innleiðing landamæratilskipunarinnar fól í sér mikla réttarbót. Megininntak hennar er að sjúkratryggður á að geta sótt heilbrigðisþjónustu í öðru EES-ríki og fengið hana endurgreidda af heimalandinu eins og ef þjónustan hefði verið veitt þar. Þessi réttindi koma til viðbótar þeim sem innleidd voru árið 2012 með reglugerð nr. 442/2012 vegna ESB-reglugerða um almannatryggingar. Þannig átti sjúklingur fyrir rétt á heilbrigðisþjónustu í öðru EES-ríki, sem ekki var hægt að veita innan ásættanlegra tímamarka. Sá réttur var háður fyrirfram samþykki SÍ.

Í samræmi við eldri viðmið var það tillaga Embættis landlæknis að almennt ættu sjúkratryggðir rétt á sérhæfðri meðferð (s.s. skurðaðgerð) sem sérgreinalæknar meta að þeir þarfnist innan 90 daga. Tillagan byggði á upplýsingaöflun um hámarksbiðtíma í ýmsum löndum, þar á meðal á Norðurlöndunum. Jafnframt var undirstrikað að þetta viðmið og önnur sem landlæknir lagði til næðu hvorki til bráðþjónustu sem þarf að sinna eins fljótt og unnt er né þjónustu þar sem bið getur haft alvarlegar afleiðingar eins og krabbameinsmeðferð.

Þrátt fyrir að undirbúningi heilbrigðis- yfirvalda hafi ekki verið að fullu lokið á árinu töldu SÍ sig verða að fallast á ósk sem barst um endurgreiðslu vegna læknisaðgerðar í öðru EES-ríki í ljósi langs biðtíma á Íslandi. Það var með öðrum orðum niðurstaða SÍ að skv. reglugerð nr. 442/2012 væri skylt að samþykkja heilbrigðisþjónustu í öðru EES-ríki þegar það væri staðfest að læknismeðferð hérlendis væri ekki í boði innan tímamarka sem réttlæta mætti læknisfræðilega.

Um þessi réttindi gildir almennt að eftir samþykki SÍ þarf hinn sjúkratryggði að sækja þjónustuna á eigin vegum (innan opinbera heilbrigðiskerfisins á EES-svæðinu). SÍ greiða fyrir lækniþjónustuna í samræmi við reglur meðferðaríkisins en sjúklingurinn fær útgefið vottorð sem staðfestir greiðsluþátttöku og þarf því ekki að leggja út fyrir þjónustunni sjálfur.

” Það var með öðrum orðum niðurstaða SÍ að skv. reglugerð nr. 442/2012 væri skylt að samþykkja heilbrigðisþjónustu í öðru EES-ríki þegar það væri staðfest að læknismeðferð hérlendis væri ekki í boði innan tímamarka sem réttlæta mætti læknisfræðilega.

Í þessu sambandi er vert að hafa í huga að við afgreiðslu fjárlaga 2016 í desember var samþykkt að verja 840 m.kr. vegna átaks til að stytta biðlista eftir augasteinsaðgerðum, gerviliðaaðgerðum á hné, gerviliðaaðgerðum á mjöðm og kransæðapræðingum. Boðað var að verja samtals 1.663 m.kr. til átaksins á árunum 2016-2018.

Á undanförunum árum hefur umsóknunum um hjálpartæki fjölgað verulega eða yfir 50% frá árinu 2007. Fjölgunin nær til flestra gerða hjálpartækja, hvort sem litið er til hjólastóla, stoðtækja, öndunarvéla, bleyja, öryggishnappa eða spelkna. Mest hefur fjölgunin verið vegna aldradæra og ljóst að hún mun halda áfram næstu árin með vaxandi þunga. Öldruðum fjölgar hraðar en öðrum aldurshópum og krafa um heilbrigðisþjónustu utan stofnana er háværari en áður. Á sama tíma áttu SÍ í erfiðleikum með að mæta þessari aukningu án fjölgunar starfsmanna og stækkunar húsnæðis. Afleiðingin var sú að biðtími eftir hjálpartækjum lengdist óhóflega í upphafi árs og þjónusta við sjúkratryggða versnaði þegar litið var til leiðbeininga, viðhalds og viðgerða hjálpartækja.

Við þetta mátti ekki una og var farið í sérstaka stefnumótunar- og umbótavinnu fyrir þjónustu- og hjálpartækjamíðstöð SÍ og m.a. leitað eftir aðstoð hjá ráðgjafafyrirtækinu Expectus. Settir voru á fót vinnuhópar starfsmanna og haldnir verkefnafundir til að kortleggja heildu úrlausnarefni. Samtímis var gripið til ýmissa ráðstafana og starfsemin innan SÍ endurskipulögð. Til að stytta biðtíma og bæta þjónustu var einnig leitað til ytri aðila með viðgerðarþjónustu, þvott og aðkomu að endurnýtingu hjálpartækja. Í lok árs var vinnan farin að skila umtalsverðum árangri og málin á að þróast í rétta átt. Mótun stefnu til framtíðar var langt komin og í sjónmáli að geta lokið þeirri vinnu á nýju ári.

Hlutverk, framtíðarsýn og gildi

Hlutverk Sjúkratrygginga Íslands

Að tryggja aðgang að góðri og hagkvæmri heilbrigðisþjónustu.

Meginverkefni Sjúkratrygginga Íslands eru að:

- annast framkvæmd sjúkratrygginga
- semja um heilbrigðisþjónustu
- annast kaup á vöru og þjónustu sem stofnuninni ber að veita
- greiða fyrir heilbrigðisþjónustu sem veitt er samkvæmt lögum og samningum
- hafa eftirlit með gæðum og árangri starfsemi þeirra sem veita heilbrigðisþjónustu samkvæmt samningum
- sinna öðrum verkefnum sem stofn uninni eru falin samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða ákvörðun ráðherra.



Gildi Sjúkratrygginga Íslands

Virðing

- Við berum hag viðskiptavina fyrir brjósti
- Við berum virðingu fyrir samstarfsmönnum og verkefnum okkar og leggjum okkur fram um að vinna sem liðsheild

Framtíðarsýn Sjúkratrygginga Íslands

Sjúkratryggingar Íslands eru framsækin stofnun sem nýtur trausts og virðingar í samfélaginu.

- Markviss þróun og fagleg vinnubrögð skapa orðspor sem endurspeglar nútíma lega og áreiðanlega stofnun.
- Stofnunin er þekkt í samfélaginu fyrir gagnsæi, jafnræði og árangur

Sí veita þjónustu sem er aðgengileg og lipur.

- Lögð er áhersla á rafræna og skilvirka þjónustu sem auðveldar viðskiptavinum samskipti og tryggir jafnræði og gagnsæi.
- Þjónustan er einstaklingsmiðuð og byggir á vel skilgreindum réttindum. Upplýsingagjöf er skýr og miðuð að öllum hópum viðskiptavina.

Sí eru góður vinnustaður með hæft og ánægt starfsfólk.

- Starfsfólk sýnir metnað og er ánægt í starfi. Starfsfólk tekur virkan þátt í því að bæta vinnustaðinn og þjónustuna. Fræðsla og þjálfun skilar sér í síaukinni hæfni starfsmanna.
- Aðbúnaður starfsfólks er til fyrirmyndar og eftirsótt að starfa fyrir stofnunina

Sí vinna að gæðum og hagkvæmni í heilbrigðisþjónustu í góðu samstarfi við veitendur þjónustunnar.

- Samningar við veitendur heilbrigðisþjónustu tryggja góða og vel skilgreinda þjónustu.
- Hagkvæmni og traust kostnaðargreining eru lykilþættir um leið og jafnræðis er gætt. Eftirlit með framkvæmd þjónustunnar er árangursríkt

Sí eru ábyrg og vel rekin stofnun

- Agaður rekstur tryggir skilvirka starfsemi.
- Unnið er með hagsmunaaðilum að forgangsöröðun verkefna og ríkir gagnkvæm traust á milli þeirra.
- Verkaskipting er skýr og tekur skipulag stofnunarinnar mið af ríkjandi áherslum

Fagmennska

- Við beitum öguðum vinnubrögðum sem endurspeglast í traustri þjónustu
- Við byggjum upp og nýtum þekkingu okkar til að veita þjónustu sem einkennist af sanngirni, jafnræði og gagnsæi

Framsækni

- Við leitum sífellt leiða til að gera betur og vinnum markvisst með hugmyndir að umbótum
- Við lítum á áskoranir sem tækifæri og erum jákvæð gagnvart breytingum



Rekstrarumhverfi og rekstur

Rekstrarumhverfið á árinu

Árið 2015 einkenndist eins og svo mörg fyrri ár af örri þróun í verkefnum með sérstakri áherslu á rafvæðingu samskipta við viðskiptavinum, sjúkratryggða sem og veitendur heilbrigðisþjónustu, tilflutningi verkefna frá öðrum stofnunum sem grunnsetningu nokkurra nýrra og umfangsmikilla verkefna sem stofnuninni var falin framkvæmd á.

Grunnrekstur stofnunarinnar

Frá stofnun Sjúkratrygginga Íslands hafa þær tekið að sér fjölmörg ný verkefni samhliða aukningu í umfangi flestra þeirra verkefna sem fyrir voru án þess að samsvarandi aukning hafi orðið í fjárheimildum. Þetta hefur leitt til þess að ekki hefur náðst að byggja upp grunninnviði stofnunarinnar eins og æskilegt hefði verið.

- *Huga þarf sérstaklega að því að styrkja upplýsingaöryggismála hjá stofnuninni.*

Til viðbótar má nefna þá gríðarlegu möguleika sem til staðar eru til að nýta betur þær upplýsinga auðlindir sem til staðar eru hjá stofnuninni til að ná fram hagkvæmni og markvissari nýtingu fjármuna í heilbrigðiskerfinu.

Ný verkefni og fjármögnun þeirra

Það er sérstök áskorun að halda vel utanum og fylgja eftir fjármögnun nýrra verkefna sem samhliða innleiðingu eru að taka breytingum og þróast. Um leið er það gríðarlega mikilvægt að vel takist þar til svo viðeigandi fjármögnun sé tryggð. Vanfjármögnuð verkefni þrengja óhjákvæmilega að öðrum rekstri.

mikil. Sérstaklega er því mikilvægt að halda vel utan um þau og tryggja viðeigandi fjárheimildir til rekstrar og þróunar.

Rekstur Sjúkratrygginga Íslands 2015

Afkoma ársins 2015

Rekstrarafkoma ársins 2015 var jákvæð um ríflega 46 milljónir. Meginskýring þeirrar jákvæðu afkomu má rekja til millifærslu á fjárheimildum til stofnunarinnar vegna verkefna sem unnin verða á árinu 2016. Einnig hafði það áhrif að fjárhæða launabóta vegna kjarasamninga lá ekki fyrir fyrr en undir lok rekstrarársins og reyndust þær hærri er gert hafði verið ráð fyrir.

Breyting á þjónustukaupum af Tryggingastofnun ríkisins


Hvað rekstrarumhverfið á árinu 2015 varðar þá er ástæða til að nefna sérstaklega breytingu er varðar kaup á þjónustu af Tryggingastofnun ríkisins (TR). Við ákvörðun á greiðslum SÍ til TR var í fyrsta skipti lagt til grundvallar kostnaðarmat óháðs aðila á verðmæti þeirrar þjónustu sem TR afhendir SÍ. Matið leiddi til verulega lægri greiðslna til TR en verið hafði.

Yfirtaka á hluta upplýsingatæknirekstri

Sérstaklega er ástæða til að nefna þá breytingu sem varð í tengslum við kaup á þjónustu af Tryggingastofnun ríkisins (TR). Greiðslur SÍ til TR byggja nú í fyrsta skipti á mati óháðs aðila á verðmæti þeirrar þjónustu sem TR afhendir SÍ. Matið leiddi til verulega lægri greiðslna til TR en verið hafði.

Yfirtaka á hluta upplýsingatæknirekstri

Í upphafi árs 2015 snérist kaup SÍ af TR eingöngu um upplýsingatæknirekstur. Sá rekstur skiptist í tvennt annars vegar svokölluð rekstrarkerfi sem snúa að notendaumhverfi og hins vegar að vinnslukerfum sem eru réttindaákvörðunarkerfi og bókhaldskerfi SÍ. Samkomulag náðist um það að SÍ yfirtæki um mitt ár 2015



Sérstaklega er vert að nefna eftirfarandi grunnrekstrarþætti stofnunarinnar:

- *Skjalastýring, stofnunina vantar að styrkja skjalastjórn og koma henni til betri vegar með ráðningu skjalastjóra*
- *Umsjón með vef, ytri og innri. Stofnunina vantar sérhæfðan starfsmann sem hefur umsjón með vefmálum stofnunarinnar.*
- *Kynningarmál, enginn kynningarstjóri eða sérhæfður starfsmaður hefur umsjón með kynningarmálum stofnunarinnar.*

Dæmi um verkefni sem eru að koma ný inn í rekstur stofnunarinnar eru:

- *Umsjón með greiðslum til öldrunarstofnana*
- *Nýtt greiðsluþáttökukerfi heilbrigðisþjónustu*
- *Greiðslumódel og eftirlit með fjárhagslegum þáttum vegna samninga um heilsugæslu*

Öll ofangreindra verkefna eru umfangs-

rekstrarkerfin. Sí gerði svo samning við Nýherja um rekstur þeirra kerfa.

Almennt um einstaka rekstrarliði

Fjármögnun starfsemi Sjúkratrygginga Íslands

Rekstur Sí er fjármagnaður annars vegar af ríkisframlagi og hins vegar af sértekjum. Ríflega 50% af fjármögnun Sí flokkast sem sértekjur. Í raun er hér um að ræða endurgreiðslu á útlögðum kostnaði eða ákvarðaðan umsýslukostnað t.d. stjórnunarkostnað vegna slysatrygginga. Unnið verður að því að minnka hlutdeild útlagðs kostnaðar í rekstri Sí til að forðast tvítalningu gjalda í ríkisreikningi.

Ríkisframlag

Fjárveitingar á fjárlögum til Sjúkratrygginga Íslands voru 655,8 m.kr. Millifærslur vegna launabóta námu 34,7 m.kr. Millifærslur af öðrum fjárlagaliðum voru 24,0 m.kr. vegna nýrra verkefna. Þannig að í heild námu fjárheimildir ársins 2015 samtals 714,5 m.kr sem er 177,1 m.kr. hækkun á milli ára.

Sértekjur

Liðnum er skipt í þrennt. Tekjur af samrekstri, sérstök tekjufærsla og aðrar

tekjur. Tekjur af samrekstri (endurgreiddur útlagður kostnaður) hækkuðu um 58,7 m.kr. aðallega vegna aukinna umsvifa í rekstri HTM.

Sérstök tekjufærsla er til komin til leiðréttingar á reiknuðu undirverði í viðskiptum við TR. Á árinu 2015 var ekki tilefni til slíkrar leiðréttingar þar sem viðskiptin eru nú á markaðsgrunni.

Aðrar tekjur hækkuðu um 23,2 m.kr. sem skýrist annars vegar af 25,0 m.kr. sem eru ætlaðar til að mæta kostnaði við nýtt verkefni vegna öldrunarstofnana og hins vegar af 2,5 m.kr. vegna verkefnis sem er liður í framkvæmdaáætlun um málefni fatlaðs fólks. Tekjur af öðru lækkuðu á móti.

Launakostnaður

Launagjöld hækkuðu um tæplega 100 m.kr. á milli ára. Stærsti áhrifavaldur þar var kjarasamningar sem gerðir voru á árinu og fjölgun ársverka um tæpleg tvö vegna nýs verkefnis sem snúa að öldrunarstofnunum.

Skrifstofu og stjórnunarkostnaður

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður lækkar um tæplega 50 m.kr. Skýrist það fyrst og fremst af því að tæplega

40 m.kr. hluti af þjónustukaupum af TR voru færð hér undir á árinu 2014. Á árinu 2015 eru öll kaup af TR færð sem aðkeypt sérfræðipjónusta. Skrifstofuvörur lækka um tæplega 3 m.kr. vegna „Rent a prent“ samnings sem veldur tilflutningi á kostnaði á milli liða í ársreikningi.

Aðkeypt sérfræðipjónusta

Liðurinn í heild hækkar um tæplega 33 m.kr. Aðkeypt sérfræðipjónusta vegna endurskipulagningar á starfsemi hjálpartækjamiðstöðvar skýrir ríflega 4 m.kr. Mestu munar hins vegar um aukna aðkeypta forritunarvinnu vegna nýrra verkefna og aukins rekstrarkostnaðar upplýsingatæknikerfa. Kostnaðarauki vegna þessa nam ríflega 32 m.kr. Á móti þessu lækkaði sá hluti kostnaðar við þjónustukaup af TR sem færður var hér undir um 3,4 m.kr.

Annar rekstrarkostnaður


Liðurinn í heild hækkar um 12,5 m.kr. Meginskýringar eru annarsvegar hækkuðun á hlutdeild HTM í sameiginlegum kostnaði Sí um kr. 5,4 m.kr. og hins vegar kostnaður við aðkeyptan akstur vegna bilunar á sendibifreið Sí.




Mannauður

Í lok árs 2015 voru starfsmenn Sjúkra-trygginga Íslands 113 talsins, sem er aukning um 4.6% frá fyrra ári. Ársverk voru samtals 100,4 og eru flestir starfsmenn í fullu starfi.


Meðalaldur starfsfólks hjá Sjúkra-tryggingum Íslands er 48,8 ár. Um 51% starfsfólks eru félagar í SFR – stéttarfélagi í almannajónustu, 46% eru félagar í ýmsum háskólafélögum og fáeinir (4%) eru í öðrum stéttarfélögum.



Fjöldi veikindadaga á hvert ársverk voru að meðaltali 8,6 dagar (án langtímaveikinda*) en 15,2 dagar þegar langtímaveikindi eru talin með. Umfang veikinda (án langtímaveikinda) hefur verið mjög svipað undanfarin ár, eða í kringum 8 dagar á ári. Hins vegar hafa heildarveikindi (með langtímaveikindum) aukist umtalsvert síðustu tvö ár og hafa veikindadagar aldrei mælst fleiri.



Starfsmannavelta á árinu 2015 var 8%. Velta starfsfólks var þá nokkuð meiri en árið á undan en mjög svipuð og árið 2013.




Á árinu var lögð aukin áhersla á starfsþróun bæði starfsfólks og stjórnenda. Útbúin var ný starfsþróunarstefna


sem byggir á eldri fræðsluáætlun, og samþykktar voru vinnureglur varðandi námsleyfi. Jafnframt var áhersla á gerð

væri starfsþróunaráætlun fyrir fyrir hvern og einn í tengslum við árleg starfsmannasamtöl. Fram fóru tvær kannanir meðal starfsmanna. Annars vegar var um að ræða árlega viðhorfskönnun SÍ þar sem spurt var ýmsa þætti sem lúta að starfi, starfsumhverfi og vinnuálagi starfsfólks, en samhliða þessari könnun fór einnig fram álegt stjórnendamát. Hins vegar var það könnun um Stofnun ársins.

Niðurstöður sýndu umtalsverða bætingu milli ára sem eru hvatning um að halda áfram á sömu braut. Niðurstöður beggja kannana voru kynntar starfsfólki og nýttar til að vinna að áframhaldandi bættum árangri í starfsmannamálum. Ýmislegt fleira var gert á árinu m.a. voru útbúnar uppfærðar vinnureglur um viðbrögð við einelti og haldin var fræðsla um einelti og áreitni fyrir starfsfólk og stjórnendur. Einnig var hafin prófun á frammistöðumatskerfi fyrir félagsmenn í BHM í tengslum við tilraunaverkefni sem byggir á bókun 2 í kjarasamningi aðildarfélaganna BHM. Að lokum má nefna að samgöngustyrkir voru innleiddir á árinu sem margt starfsfólk nýtti sér, en 42 starfsmenn voru með virka samgöngusamninga til lengri eða skemmri tíma eða samtals 356 mánuði.



Skipulag og skipurit



Stjórn Sjúkratrygginga Íslands

Stjórn Sjúkratrygginga Íslands er skipuð af heilbrigðisráðherra.

Formaður stjórnar er Björn Zoëga.

Aðrir stjórnarmenn eru: Birna Kr. Svavarsdóttir, Guðmundur Magnússon, Berglind Hallgrímsdóttir og Helga Tatiana Zharov.

Ráðherra skipar fimm menn í stjórn Sjúkratrygginga Íslands og skal einn skipaður formaður stjórnar og annar varaformaður. Skipaðir skulu jafnmargir menn til vara. Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda og stýrir þeim og situr forstjóri fundi stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétti. Ráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður þóknun til stjórnarmanna sem skal greidd af rekstrarfé stofnunarinnar.

Stjórn Sjúkratrygginga Íslands skal staðfesta skipulag stofnunarinnar, árlega starfsáætlun og fjárhagsáætlun og marka henni langtímastefnu. Skal

stjórnin hafa eftirlit með starfsemi stofnunarinnar og að rekstur hennar sé innan ramma fjárlaga á hverjum tíma.

Formaður stjórnar Sjúkratrygginga Íslands

skal reglulega gera ráðherra grein fyrir starfsemi hennar og gera honum viðvart ef starfsemi og þjónusta er ekki í samræmi við ákvæði laga og ef rekstur er ekki í samræmi við fjárlög.



Fjármála- og rekstrarsvið

Svið fjármála og rekstrar er stoðsvið innan Sjúkratrygginga Íslands. Kjarna-hlutverk sviðsins snýr því að því að sinna verkefnum / þáttum sem sameignlegir eru flestum eða öllum sviðum stofnunarinnar og hagkvæmara / betra er talið að sinna frá einum stað fremur en fela það hverju einstöku sviði.

Annar mikilvægur þáttur sem afmarkar starfsemi Fjármála- og rekstrarsviðs er aðgreining verkefna m.t.t. til innra eftirlits. Þannig er það almennt hlutverk fagsviða að ákvarða réttindi til sjúkratryggðra einstaklinga í samræmi við þær reglur sem um þau gilda og greiðslur til VHB í samræmi við samninga. Þegar slík ákvörðun liggur fyrir þá staðfesta fagsvið hana gagnvart Fjármálasviði sem í framhaldinu annast viðeigandi bókhaldsfærslur og greiðslu. Með þessari verkaskiptingu verður til staðar aðgreining á milli annars vegar ákvörðunar um réttindi til greiðslu og hins vegar útborgun réttinda.

Tryggingasvið

Kjarnaverkefni Tryggingasviðs felast í tvennu. Annars vegar utanumhald réttinda og kostnaðarþátttöku sjúkratryggðar í heilbrigðisþjónustu. Hins vegar framkvæmd samninga við veitendur heilbrigðisþjónustu. Til viðbótar falla undir sviðið tveir afmarkaðir málaflokkar sem eru slysatryggingar og sjúklingatrygging.

Viðskiptasvið

Hlutverk sviðsins er að greina þarfir hins sjúkratryggða fyrir heilbrigðisþjónustu m.a. með tilliti til magns gæða og kostnaðar. Viðfangsefnin eru annars vegar ferlar tengdir kostnaðarhlutdeild lyfja og hins vegar þjónustu og vörukaup á heilbrigðisviði að undangengnu formlegu innkaupa og/eða samningaferli.

Þjónustu- og hjálpartækjamiðstöð

Kjarnaverkefni Þjónustu- og hjálpartækjamiðstöðvar felast í þrennu.

Utanumhald réttinda sjúkratryggðra er varðar hjálpartæki, framkvæmd samninga við söluaðila hjálpartækja og endurnýtingu og viðgerðir hjálpartækja. Að auki fellur undir sviðið rekstur þjónustumiðstöðvar fyrir viðskiptavinum Sjúkratrygginga Íslands.





Lykiltölur 2015


Útgjöld sjúkra-, slysatrygginga og sjúklingatrygginga 2011-2015


Mílljónir króna á verðlagi hvers árs

	Sjúkra- tryggingar	Slysa- tryggingar	Sjúklinga- trygging	Samtals	% af heildar- útgjöldum ríkissjóðs	% af vergri lands- framleiðslu
2011	29.985	547	89	30.621	5,2	1,8
2012	30.935	655	88	31.678	5,2	1,8
2013	32.178	724	187	33.089	5,4	1,8
2014	34.670	749	246	35.665	5,3	1,8
2015	36.875	731	389	37.995	5,5	1,7

Hagstofa Íslands: Gjöld ríkissjóðs, Verg landsframleiðsla.

Réttindagreiðslur Sjúkratrygginga Íslands, hlutfallsleg skipting 2015





Augnlæknar

70 þúsund komur til augnlækna á ári



Talþjálfun

Rúmlega 20 þúsund komur í talþjálfun á árinu 2015

26% 74%



Lyf

Sí greiddi 8.557 m.kr. í almenn lyf á árinu sem er að meðaltali 26þús.kr. á hvern íbúa.



Sjúkrþjálfun

13% landsmanna fóru til sjúkrþjálfara á árinu



Hjálpartæki

17.373 manns sóttu um hjálpartæki árið 2015 sem er 21% fleiri en árið áður.



Sérgreinalæknar

Komur til sérgreinalækna á árinu voru 485.940 sem þýðir að meðaltali hafi hver íbúi komið tæplega 1,5 sinnum.

Umfang greiðslna í m.kr.	2015	2014
Sjúkratryggingar:		
Lækniskostnaður	9.045,9	8.288,1
Lyf	8.557,5	8.389,5
Lyf með S-merkingu	6.565,3	6.431,3
Hjálpartæki og næring	3.661,0	3.535,2
Hjúkrun í heimahúsum	227,5	202,1
Þjálfun	2.275,3	1.987,6
Tannlæknakostnaður	2.804,5	2.447,2
Sjúkraflutningar og ferðir innanlands	764,2	714,8
Brýn meðferð erlendis	1.870,5	1.685,7
Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis	494,1	430,3
Sjúkradagpeningar	323,8	287,0
Annað	285,0	271,4
Samtals sjúkratryggingar:	36.874,6	34.670,1
Slysatryggingar		
	731,0	749,1
Sjúklingatrygging		
	389,2	246,0
Samtals útgjöld sjúkra-, slysa- og sjúklingatryggingar	37.994,8	35.665,2

Réttindagreiðslur Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) fyrir árið 2015 námu 37.995 milljón kr. sem var 5,5% af heildarútgjöldum ríkisins og 1,7% af vergri landsframleiðslu. Útgjöld jukust um 2.330 milljónir frá árinu 2014.

Mesta kostnaðarhækkunin var í lækniskostnaði en hann hækkaði á milli ára um 758 m.kr. Þar af hækkaði kostnaður vegna sérgreinalækninga um 553 m.kr.

Tannlæknakostnaður hækkaði um 358 m.kr. og er helsta skýringin hækkun á kostnaði vegna tannlækninga barna. Samningur við Tannlæknafélag Íslands frá árinu 2013 um fríar tannviðgerðir barna er innleiddur í áföngum og bættu-st tveir árgangar við á árinu 2015.

Hlutfallslega var mesta aukningin í kostnaði við sjúklingatryggingu en kostnaður jókst um 58% milli ára eða 143 m.kr. Umsóknnum hefur fjölgað og fleiri bótauppgjör hafa farið fram en breytingar hafa verið gerðar til að flýta matsferlinu.

Hækkun réttindagreiðslna SÍ um 2.330 m.kr. á milli árána 2014 og 2015 var 6,5%. Á sama tíma hækkaði vísitala neysliverðs um 1,6%.

Kostnaðarhlutdeild sjúkratrygðra var mjög breytileg eftir réttindaflokkum, t.d. er engin í kostnaði vegna S-merktra lyfja, nálægt 25% kostnaðarhlutdeild í almennum lyfjum en 42% í sjúkrþjálfun. Að því gefnu að kostnaðarhlutdeild sjúkratrygðra í samanlögðum öllum réttindaflokkum væri 23% og hlutur sjúkratrygginga 77% þá væri heildarverðmæti þjónustunnar rúmlega 49 milljarðar.

Yfirlit yfir samninga í gildi í árslok 2015


Viðsemjendur og þjónusta

- Rammasamningur við sérgreinalækna um lækningar utan sjúkrahúsa. Samningurinn tekur til almennra lyflækna, augnlækna, barnageðlækna, barnalækna, blóðlækna, bæklunarskurðlækna, efnaskipta- og innkirtlalækna, endurhæfingarlækna, geðlækna, gigtarlækna, háls- nef- og eyrnalækna, hjartalækna, húðlækna, krabbameinslækna, kvensjúkdómalækna, lungnalækna, lýtalækna, sérfræðinga í meltingarsjúkdómum, nýrnalækna, ofnæmis- og ónæmislækna, skurðlækna, smitsjúkdómalækna, svæfingarlækna, taugalækna, þvagfæraskurðlækna og öldrunarlækna
- Læknafélag Reykjavíkur um aðkomu sérgreinalækna að málefnum er varða rammasamning SÍ og sérgreinalækna
- Barnalæknaþjónustan ehf. um barnalækningar utan sjúkrahúsa
- Heimilislæknastöðin hf. um rekstur Heilsugæslustöðvarinnar í Lágmúla
- Heimilislæknastöðin hf. um heilbrigðisþjónustu í fangelsum á Reykjavíkursvæðinu
- Salus ehf. um rekstur Heilsugæslustöðvarinnar Salahverfi, Kópavogi
- Rammasamningur við sjálfstætt starfandi heimilislækna um heimilislæknaþjónustu
- Læknavaktin um móttökuvakt á höfuðborgarsvæðinu
- Læknavaktin um vitjanþjónustu á höfuðborgarsvæðinu



- Læknavaktin um heilbrigðisráðgjöf í síma og vegvísun í íslenska heilbrigðiskerfinu – Nýr samningur
- Heilbrigðisstofnun Norðurlands um heilbrigðisráðgjöf í síma og vegvísun í íslenska heilbrigðiskerfinu – Nýr samningur
- Læknisfræðileg myndgreining ehf. um læknisfræðilega myndgreiningu
- Íslensk myndgreining ehf. um læknisfræðilega myndgreiningu
- Vefjarannsóknarstofan ehf. um rannsóknir í líffærameinafræði
- Rannsóknarstofan Glæsibæ ehf. um blóðmeina- og efnameinafræðirannsóknir
- Rannsóknastofan í Mjódd ehf. um blóðmeina- og efnameinafræðirannsóknir
- Ellen Mooney um rannsóknir í húðmeinafræði
- Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði um lyfja og eiturefnarannsóknir
- Krabbameinsfélag Íslands um rannsóknir í frumumeinafræði
- Landspítali um rannsóknir í frumumeinafræði – Nýr samningur
- Landspítali um rannsóknir í sýkla-, veiru-, ónæmis-, klínískri lífefna- og blóðmeinafræði
- Sjúkrahúsið á Akureyri um rannsóknir í sýkla-, veiru-, ónæmis-, klínískri lífefna- og blóðmeinafræði
- Sjúkrahúsið á Akureyri um rannsóknir í líffærameinafræði
- Landspítali um greiðslur rannsókna sem pantaðar eru af Heilsugæslunni Salahverfi
- Rammasamningur við sjúkrastofnanir um rannsóknir sem pantaðar eru af sjálfstætt starfandi læknum
- Hjartavernd ses. um kaup á þjónustu af Rannsóknarstöð Hjartaverndar vegna hóp- og vísindarannsókna
- Krabbameinsfélag Íslands um skipulagða leit að krabbameinum í leghálsi og brjóstum
- Bláa lónið hf. um húðmeðferð fyrir psoriasis- og exemsjúklinga
- Húðlæknastöðin ehf. um meðferð með lasertækjum
- Útlitslækning ehf. um meðferð með lasertækjum
- LaserSjón ehf. um laseraðgerðir á augum
- Sjónlag hf. um laseraðgerðir á augum
- Augljós laser augnlækningar ehf. um laseraðgerðir á augum
- LaserSjón ehf. um augasteinsaðgerðir
- Sjónlag hf. um augasteinsaðgerðir
- Augnlæknar Reykjavíkur ehf. um aðgerðir með diode lasertækni til meðhöndlunar á gláku
- Miðstöð foreldra og barna ehf. um sérhæfða geðheilbrigðisþjónustu og tengslaeflandi meðferð fyrir verðandi foreldra og foreldra með ungbörn
- Landspítali um aðgerðir sem fela í sér lokun á opi milli gátta í hjartaþærðingu (Amplatzer aðgerðir)
- Landspítali um Aortalokuskripti með þræðingartækni (TAVI aðgerð)
- Landspítali um einingarverð og gjaldskrá vegna ákveðinna verka sem unnin eru á dag- og göngudeildum
- Landspítali um endurnýjun á rafhlöðum í sjúklingum með ígrædd rafskaut í heila eða hrygg
- Landspítali um heimflutning og gjörgæslu fyrir sjúkratryggða sem fá ígrætt HM-II hjálparhjarta í Gautaborg
- Landspítali um innæðaaðgerðir með þræðingartækni í æðakerfi miðtaugakerfisins – Nýr samningur
- Landspítali um innæðaviðgerðir vegna æðagúla í höfði
- Landspítali um ígræðslu nýrna frá lifandi gjöfum
- Landspítali um íhluti vegna brennsluaðgerða við gáttatifi
- Landspítali um kuðungsígræðslu

- Landspítali um radiofrequency ablation (RFA) meðferð við krabbameini í lifur
- Landspítali um stofnfrumumeðferð
- Landspítali um söfnun og flutning á eitilfrumum frá Svíþjóð til Íslands og um chimerismapróf
- Landspítali um tilvik þegar nauðsynlegt er að fá sérgreinalækni sem starfar erlendis til að veita meðferð á sjúkrahúsi á Íslandi
- Landspítali um vinnureglur vegna læknismeðferðir barna erlendis
- Landspítali um þjónustu ADHD-teymis – Nýr samningur
- Sjúkrahúsið á Akureyri um augasteinsaðgerðir
- Sjúkrahúsið á Akureyri um kæfisvefnsaðgerðir
- Sjúkrahúsið á Akureyri um liðskiptaaðgerðir
- Sjúkrahúsið á Akureyri um lyfjagjöf í auga
- Sjúkrahúsið á Akureyri um þjónustu sérfræðings í efnaskipta- og innkirtlalækningum
- Sjúkrahúsið á Akureyri um þjónustu sérfræðings í húðsjúkdómalækningum
- Sjúkrahúsið á Akureyri um þjónustu sérfræðings í lungnalækningum
- Sjúkrahúsið á Akureyri um þjónustu sérfræðings í skurðlækningum
- Sjúkrahúsið á Akureyri um þjónustu sérfræðings í taugalækningum
- Heilbrigðisstofnun Austurlands um þjónustu sérfræðings í húðsjúkdómalækningum
- Heilbrigðisstofnun Austurlands um sérfræðiþjónustu í augnlækningum
- Heilbrigðisstofnun Austurlands um sérfræðiþjónustu í hjarta- og nýrnalækningum
- Heilbrigðisstofnun Austurlands um sérfræðiþjónustu í kvenlækningum – Nýr samningur
- Heilbrigðisstofnun Norðurlands um sérfræðiþjónustu í lungna-, hjarta- og efnaskipta og innkirtlalækningum á Blönduósi
- Heilbrigðisstofnun Norðurlands um sérfræðiþjónustu í bæklunarskurðlækningum, almennum skurðlækningum, lýta- og þvagfæraskurðlækningum á Sauðárkróki
- Heilbrigðisstofnun Norðurlands um sérfræðiþjónustu í kvenlækningum og geðlækningum á Sauðárkróki
- Heilbrigðisstofnun Norðurlands um sérfræðiþjónustu í þvagfæraskurðlækningum á Húsavík
- Heilbrigðisstofnun Suðurlands um þjónustu krabbameinslæknis og kvensjúkdómalæknis
- Heilbrigðisstofnun Suðurlands um þjónustu sérfræðings í hjartalækningum
- Heilbrigðisstofnun Suðurlands um þjónustu sérfræðings í lungnalækningum
- Heilbrigðisstofnun Suðurlands um þjónustu svæfingarlæknis
- Heilbrigðisstofnun Suðurnesja um þjónustu sérfræðings í hjartalækningum
- Heilbrigðisstofnun Vestfjarða um þjónustu sérfræðings í kvenlækningum
- Heilbrigðisstofnun Vestfjarða um skimun fyrir kæfisvefni – Nýr samningur
- Heilbrigðisstofnun Vesturlands um aðstoðu og svæfingar vegna tannlækninga
- Heilbrigðisstofnun Vesturlands um sérfræðiþjónustu í hjartalækningum
- Children's Hospital í Boston um meðferð barna
- Karolinska University Hospital í Stokkhólmi um stofnfrumumeðferð
- Karolinska University Hospital í Stokkhólmi um meðferð með geislun (Gamma Knife)
- Rigshospitalet í Kaupmannahöfn um þjónustu vegna PET – SCAN
- Sahlgrenska International Care í Gautaborg um lýtalækningar á meðfæddum göllum á höfði og andliti – Nýr samningur
- Sahlgrenska International Care í Gautaborg um líffæragjafir og líffæraígræðsla
- Landspítali vegna framkvæmdar á samningi SÍ og Sahlgrenska sjúkrahússins í Gautaborg um líffæratöku og líffæraígræðslu
- Skåne Care AB í Lundi í Svíþjóð – Rammasamningur um heilbrigðisþjónustu – Nýr samningur
- Skåne Care AB í Lundi í Svíþjóð um þjónustu vegna Choline-PET-SCAN – Nýr samningur
- Skåne Care AB í Lundi í Svíþjóð um hjartaaðgerðir á börnum
- Landspítali vegna framkvæmdar samnings SÍ og Skåne Care um hjartaskurðaðgerðir á börnum
- Íslenska kirkjan í Svíþjóð um aðstoð við sjúklinga í Gautaborg á vegum SÍ
- Ingibjörg Helgadóttir um aðstoð við sjúklinga í Stokkhólmi og nágrenni á vegum SÍ
- Ása Ásgeirsdóttir um aðstoð við sjúklinga í Lundi og nágrenni á vegum SÍ
- Rammasamningur við tannlækna um tannlækningar barna



- Tannlæknafélag Íslands um tannlækningar barna
- Tannlæknafélag Íslands um rafræn samskipti og aðgerðaskrá
- Peter Holbrook og Stefán Pálmason um munnlyflæknisfræði – Nýr samningur
- Tannlæknadeild Háskóla Íslands/Landspítali um nauðsynlegar tannlækningar
- Tannlæknadeild Háskóla Íslands/Landspítali um tannlækningar á göngudeild
- Tannlækningastofnun HÍ um skoðun sjúklinga í tengslum við athugun á veittri tannlæknaþjónustu
- Rammasamningur við sjálfstætt starfandi sjúkrahjúfara um sjúkrahjúfuna utan sjúkrahúsa
- Rammasamningur við sjúkrastofnanir um sjúkrahjúfuna á göngudeild
- Einstaka sjúkrahjúfara um að sinna sjúkrahjúfuna við dreifðar byggðir
- Félag sjúkrahjúfara um faglegt samstarf
- Félag sjúkrahjúfara um heildarendurskoðun SP-kerfisins og skiptingu SP-sjóðsins – Nýr samningur

- Sjálfsbjörg Akureyri um sjúkrahjálfun
- Landspítalinn um sjúkrahjálfun á sjúkrahótelum
- Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins um samstarf vegna innleiðingar hreyfiseðla í heilbrigðiskerfinu
- Heilbrigðisstofnun Suðurlands um samstarf vegna innleiðingar hreyfiseðla í heilbrigðiskerfinu
- Heilbrigðisstofnun Norðurlands um samstarf vegna innleiðingar hreyfiseðla í heilbrigðiskerfinu
- Heilbrigðisstofnun Suðurnesja um samstarf vegna innleiðingar hreyfiseðla í heilbrigðiskerfinu
- Heilbrigðisstofnun Austurlands um samstarf vegna innleiðingar hreyfiseðla í heilbrigðiskerfinu
- Heilbrigðisstofnun Vesturlands um samstarf vegna innleiðingar hreyfiseðla í heilbrigðiskerfinu
- Heilbrigðisstofnun Vestfjarða um samstarf vegna innleiðingar hreyfiseðla í heilbrigðiskerfinu
- Reykjalundur um samstarf vegna innleiðingar hreyfiseðla í heilbrigðiskerfinu – Nýr samningur
- Heimilislæknastöðin hf. um samstarf vegna innleiðingar hreyfiseðla í heilbrigðiskerfinu – Nýr samningur
- Salus ehf. um samstarf vegna innleiðingar hreyfiseðla í heilbrigðiskerfinu – Nýr samningur
- Sjúkrahjálfun Styrkur um innleiðingu hreyfiseðla í heilbrigðiskerfinu
- Endurhæfing ehf. um ráðgjöf sjúkrahjálfara í setstöðuráðgjafarhópi hjálpartækjamiðstöðvar Sí
- Reykjalundur um þverfaglega endurhæfingu
- Náttúrulækningafélag Íslands um þverfaglega endurhæfingu á HNLFI
- Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra um sjúkra- og iðjuþjálfun barna og ungmenna
- Þraut ehf. um þverfaglega greiningu og endurhæfingu fyrir einstaklinga með vefjagigt
- Endurhæfing ehf. um þjálfun einstaklinga með fjölbættar skerðingar og ráðgjöf til þeirra
- HL stöðin á Akureyri um endurhæfingu og þjálfun
- HL stöðin í Reykjavík um endurhæfingu og þjálfun



- Gigtarfélagið um iðjuþjálfun
- Sjálfsbjörg Akureyri um iðjuþjálfun
- Rammasamningur við talmeinafræðinga um talmeinaþjónustu
- Rammasamningur við sveitarfélög eða stofnanir þeirra um talmeinaþjónustu – Nýr samningur
- Félag talmeinafræðinga á Íslandi um faglegt samstarf
- Einstaka talmeinafræðinga um að sinna talþjálfun við dreifðar byggðir
- Reykjavíkurborg um heimahjúkrun
- Karitas um sérhæfða líknarmeðferð í heimahúsum
- Heilsueflingarmiðstöðin um sérhæfða hjúkrunarmeðferð fyrir börn í heimahúsum
- Heimahlyning á Akureyri um sérhæfða líknarmeðferð í heimahúsum
- Heilbrigðisstofnun Norðurlands um heimahjúkrun
- Landspítali um aðgang að sjúkraskrá, aðgengi að klínískum kerfum og ráðgjöf varðandi meðferð sjúklinga Karitas
- Landspítali um aðgang að sjúkraskrá fyrir Heilsueflingarmiðstöðina
- Landspítali um öflun og rekstur rúmmálsstýrðra öndunarvéla í heimahúsum ásamt þjónustu (CPAP, BIPAP)
- Ísaga ehf. um súrefnisþjónustu í heimahúsum
- Donna ehf. og Ísaga ehf. um leigu á litlum, léttum og hreyfanlegum súrefnissíum
- Landspítali um hjúkrunarfræðilega ráðgjöf um súrefnisþjónustu í heimahúsum
- Sjúkrahúsið á Akureyri um aðstoðu fyrir starfsemi Heimahlyningar á Akureyri og aðstoð við meðferð sjúklinga
- Heilsumiðstöðin ehf. ásamt Sinnum ehf., í kjölfar útboðs, um kaup á gistingu og hótelpjónustu vegna reksturs sjúkrahótels
